

Ár 2017, þriðjudaginn 20. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins

### I.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 8. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME).

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 25. ágúst 2015 frá formanni stjórnar FME. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði laun forstjóra FME og hafi hliðsjón af því að verulegar breytingar hafi orðið á launum í þjóðfélaginu, einkum hjá þeim sem starfi við fjármálaþjónustu. Fram kemur að FME hafi það hlutverk að móta að meginefni til þær réttarreglur sem fjármálamarkaðurinn starfi eftir og meta hvort þeim reglum og góðum og heilbrigðum viðskiptaháttum sé fylgt. FME taki stjórnvaldsákvæðanir og beiti eftir atvikum þvingunarúrræðum og viðurlögum. Laun forstjóra séu ekki í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar, en laun hans nemi um helmingi af algengum launum millistjórnenda í banka.

Með bréfi dagsettu 14. september 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var forstjóra FME með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið vegna málsins.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 29. mars 2016. Í bréfinu vísar ráðuneytið til þess að í erindi stjórnarformanns FME til kjararáðs komi fram að verulegar breytingar hafi orðið á launum í þjóðfélaginu á undanförunum misserum og að FME gæti átt erfitt með að halda í starfsfólk sem stofnuninni sé nauðsynlegt til að rækja hlutverk sitt. Þá bendi stjórnarformaður á að laun forstjórans nemi um helmingi algengra launa millistjórnenda í banka. Í svari ráðuneytisins segir að kveðið sé á um hlutverk FME í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stofnuninni sé ætlað að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þá veiti FME fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum og váttryggingamiðlurum starfsleyfi. Eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði séu viðskiptabankar, sparisjóðir, váttryggingafélög, váttryggingamiðlanir, lánaþjónustutæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og lífeyrissjóðir, auk annarra aðila sem heimild hafi til að taka á móti innlánnum. Forstjóri skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Hann skuli og vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og megi aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu. Að mati ráðuneytisins þurfi að huga að samkeppnisstöðu FME á vinnumarkaði. Ráðuneytið geri ekki athugasemdir við að laun forstjóra FME verði tekin til endurskoðunar og ákveðin í samræmi við 8. gr. laga um kjararáð.

Forstjóri FME sendi kjararáði bréf dagsett 16. október 2016. Í bréfinu er tekið undir ósk stjórnarformanns um endurskoðun launakjara til hækkunar. Miklar breytingar hafi orðið á starfsemi FME sem hafi haft í för með sér aukna ábyrgð og stóraukið álag við stjórnun eftirlitsins. Mikið hafi áunnist við að þróa starfsemi stofnunarinnar til samræmis við bestu framkvæmd við eftirlit. Alþjóðastofnanir hafi gefið út ítarlega staðla eða viðmið um bestu framkvæmd og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taki frammistöðu ríkja reglulega til rannsóknar. Þá séu bæði réttarheimildir og eftirlitsframkvæmd til skoðunar.

Í bréfi forstjórans kemur fram að í ársbyrjun 2011 hafi Evrópusambandið sett á fót þrjár eftirlitsstofnanir með fjármálamarkaðnum. Það séu Evrópska bankaftirlitsstofnunin (European Bank Authority), Evrópska eftirlitsstofnunin með váttrygginga- og lífeyrismarkaði (European Insurance and Operational Pensions Authority) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitið (European Securities Market Authority). Þessum stofnunum hafi verið falið mikið vald. Um sé að ræða bæði yfirþjóðlegt vald til afskipta af fjármálaeftirlitsstofnunum hvers ríkis og fyrirtækjum á fjármálamarkaði. Þá hafi

stofnanirnar eftirlit með störfum landsbundinna fjármálaeftirlita og séu afkastamiklar við samningu nýrra og ítarlegra reglna fyrir fjármálamarkaðinn. FME beri skylda til að taka þátt í störfum þessara stofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þátttaka í störfum evrópsku eftirlitsstofnananna og innleiðing reglna Evrópusambandsins í íslenskan rétt sé æ umfangsmeiri hluti af störfum FME. Ekki verði annað séð en að innleiðing reglusetningar sé orðin viðvarandi þáttur í starfsemi eftirlitsins og störfum forstjóra sem leiði þessa vinnu.

Í bréfi forstjórans segir einnig að með lögum nr. 66/2014 um fjármálastöðugleikaráð hafi forstjóra FME verið falin ný verkefni og ný ábyrgð. Kerfisáhættunefnd og fjármálastöðugleikaráði sé falið að greina áhættu sem geti raskað stöðugleika í þjóðarbúskapnum og grípa til viðeigandi úrræða til að stuðla að stöðugleika. Slík úrræði byggi á valdheimildum aðildarstofnananna og komi flest í hlut FME að framkvæma. Forstjóri FME sé varaformaður kerfisáhættunefndar samkvæmt lögnum. Í fjármálastöðugleikaráði sitji fjármálaráðherra sem sé formaður, forstjóri FME og seðlabankastjóri. Störf þessara fastanefnda séu umfangsmikil og leggi nýjar og krefjandi skyldur á herðar forstjóra. Einnig hafi þær leitt til aukins álags fyrir starfsmenn aðildarstofnananna, FME og Seðlabanka, en það komi í þeirra hlut að undirbúa þessa viðamiklu fundi kerfisáhættunefndar.

Jafnframt kemur fram að auk þessara nýju verkefna hafi orðið umbreyting á störfum FME á nokkrum árum. Megi þar helst nefna að eftirlitið hafi innleitt gjörbreytt vinnulag til samræmis við kröfur ofangreindra erlenda staðla og ábendingar alþjóðlegra eftirlitsstofnana. Þessar breyttu kröfur hafi meðal annars leitt til mun flóknara og ítarlegra eftirlits þar sem greining á margháttaðri áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila vegi þyngst. Samhliða þessu hafi FME brugðist við auknu álagi með því að innleiða gæðakerfi sem leiði til meira samræmis í eftirliti og aukinnar skilvirkni. Þrátt fyrir aukna skilvirkni og meiri framleiðni í rekstri hafi aukin verkefni leitt til þess að FME hafi vaxið mjög að umfangi undanfarin ár. Árið 2009 hafi stöðugildi hjá FME til dæmis verið 67 en séu nú 118.

Að endingu segir í bréfi forstjórans að mikilvægt sé að laun forstjóra FME og starfsmanna stofnunarinnar séu samkeppnishæf en laun forstjóra séu nú talsvert lægri en til dæmis laun seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra og umtalsvert lægri en laun æðstu stjórnenda hjá eftirlitsskyldum aðilum. Telja verði sanngjarnt og eðlilegt að forstjóri sé hæst launaði starfsmaður stofnunarinnar, enda beri hann ábyrgð á öllu starfi hennar. Aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjórar eftirlitssviða séu sannanlega mun lægra launaðir en sambærilegir stjórnendur í sams konar fyrirtækjum og stofnunum. Þetta hafi meðal annars þau áhrif að ekki sé hægt að bregðast við ábendingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem vari við aukinni starfsmannaveltu og bendi á mikilvægi þess að greiða samkeppnishæf laun.

Með bréfi dagsettu 14. apríl 2016 fékk forstjóri FME sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Engar athugasemdir bárust.

Forstjóri FME kom á fund kjararáðs 12. maí 2017 og gerði grein fyrir starfsemi FME og starfi forstjóra.

### III.

Sérstök stofnun, Fjármálaeftirlitið (FME), fer með eftirlit samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. FME er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Þriggja manna stjórn sem skipuð er af ráðherra fer með yfirstjórn FME. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri FME og skal bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður starfsmenn. Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Markmið nefndra laga er að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lögin taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina. Eftirlit FME tekur til starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana, rafeyrisfyrirtækja, greiðslustofnana, váttryggingafélaga, félaga og einstaklinga sem stunda váttryggingamiðlun, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, kauphalla, skipulagðra verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga (MTF), verðbréfamiðstöðva og lífeyrissjóða, auk annarra aðila sem

heimild hafa til að taka á móti innlánnum. Lögin taka jafnframt til eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem FME er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga. Um eftirlit með starfsemi innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi fer samkvæmt ákvæðum sérlaga og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

FME skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. FME er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp slíkra aðila. FME skal við eftirlitsstörf sín, einkum í neyðartilfellum, taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna eftirlits á fjármálastöðugleika hér á landi. Einnig skal FME hafa í huga að ákvarðanir og athafnir þess gætu haft áhrif í öðrum ríkjum og er FME heimilt að eiga í samskiptum við eftirlitsaðila annarra ríkja í þeim tilvikum.

FME getur lagt dagsektir á þann sem ekki veitir umbeðnar upplýsingar eða sinnir ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests og tekur stjórnin ákvarðanir um dagsektir. Stjórnin getur líka lagt féviti á þann sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stjórn FME. Telji FME að refsiverð brot hafi verið framin á lögum eða reglum, sem FME ber að framfylgja, og brotið er talið meiri háttar, ber að vísa slíkum brotum til lögreglu. Ákvörðunum FME verður ekki skotið til ráðherra.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur FME. Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999 með síðari breytingum.

Samkvæmt lögum nr. 66/2014 er fjármálastöðugleikaráð formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Í ráðinu sitja fjármála- og efnahagsráðherra sem er formaður ráðsins, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Formaður kallar ráðið saman til fundar þrisvar sinnum á ári en oftast telji einhver ráðsmaður þörf á. Fyrir fjármálastöðugleikaráð starfar kerfisáhættunefnd. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, forstjóri FME sem er varaformaður, aðstoðarseðlabankastjóri, aðstoðarforstjóri FME og einn sérfræðingur í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði sem ráðherra skipar án tilnefningar til fimm ára í senn. Nefndin fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári en oftast telji einhver nefndarmanna þörf á. Kerfisáhættunefnd leggur mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin nýtir til þess greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og FME sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnananna, svo og greiningarvinnu annarra innlendra og erlendra aðila eftir því sem tilefni er til. Nefndin gerir tillögur til fjármálastöðugleikaráðs í samræmi við lög og starfsreglur nefndarinnar.

Með lögum nr. 24/2017 var evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði lögfest. FME og Eftirlitsstofnun EFTA er falið að annast eftirlit samkvæmt lögnum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Um eftirlit FME fer nánar samkvæmt ákvæðum áðurnefndra laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess nær til.

Kjararáð ákvað forstjóra Fjármálaeftirlitsins laun 29. júní 2013. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er gerð grein fyrir

hlutverki FME og því hvernig starfsemi þess hefur þróast og umsvif aukist. FME hefur víðtækar eftirlits- og valdheimildir og er hlutverk þess að efla traust og heilbrigði fjármálamarkaðarins. Með vísan til þessa og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir hefur kjararáð ákveðið að breyta launum forstjórans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Fjármálaeftirlitsins vera samkvæmt launaflokki 502-142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 65 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Fjármálaeftirlitsins gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber